



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 24.10.2022

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þingsályktunartillögu um sveigjanlega tilhögu á fæðingar- og foreldraorlofi, 214 mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) ítrekar fyrri umsögn sína frá 20. febrúar árið 2019 þar sem meðal annars kom fram að tryggja þarf barni samvistir við báða foreldra og að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Fram kemur í greinagerð þingsályktunartillögunar að tryggja þurfi jafnan rétt foreldra til sjálfstæðrar ákvörðunartöku um tilhögun fæðingarorlofs og foreldar séu jafnan réttu aðilarnir til að meta hvað sé barni þeirra fyrir bestu. FÍH styður þessa tillögu en leggur engu að síður ríka áherslu á að báðir foreldrar taki fæðingar- og foreldraorlof því rannsóknir hafa sýnt fram á að mikilvægi tengslamyndunar barna og foreldra í upphafi fyrir heilbrigði barnsins síðar á ævinni.

Virðingarfyllt,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga